

Ferðamaður:

Byrja á því að skrá inn kennitölu ferðamanns. Hana skal slá inn **ÁN bandstriks**, síðan ýtt á TAB takkann. Þá kemur upp nafn ferðamanns, heimilisfang, bankauppl. Ofi.

Einnig er hægt að leita eftir starfsmanni með því að ýta á stækkunarglerið. Athugið að ef verið er að skrá inn starfsmann utan stofnunar, þá þarf að skrá inn bankaupplýsingar og netfang.

Ef viðkomandi ferðamaður er læknir þá koma upp reitir þar sem ferðaréttindi lækna eru talin upp, sú mynd kemur fyrir neðan upplýsingar um ferðamanninn.

Ferðaréttindi lækna

[Nánar](#)

Námsleyfi lækna m. serfr **12,71 dagar**
 Fargjöld **72.115 Kr.**
 Ráðstefnugjöld **178 SDR(32.124 kr.)**

Hægt er að ýta á hnappinn **Nánar** og fá upp aðra mynd af réttindunum. Þar sést staða réttindanna.

Ferðaréttindi lækna				
Endurhlaða				
Réttindagerð	Réttindastaða kr.	Aðrar beiðnir	Þessi beiðni	Staða
Fargjöld	72.115 kr.	kr.	kr.	72.115 kr.
Ráðstefnugjöld	32.124 kr. (178 SDR)	kr.	kr.	32.124 kr.
Námsleyfi lækna m. serfr	12,71		Þessi beiðni	Staða 12,71

Ef ferðamaður er komin yfir réttindi sín, þá verður letrið í *Ferðaréttindi lækna* **rautt** og upp kemur aðvörun.

Ferðaréttindi lækna

[Nánar](#)


Aðvörun

Fargjöld fara í -31.500 að teknu tilliti til réttindastöðu og þessarar beiðnar
 Ráðstefnugjöld fara í -23.548 að teknu tilliti til réttindastöðu og þessarar beiðnar
 Námsleyfi lækna m. serfr fer í -4,81 að teknu tilliti til réttindastöðu skráðrar úttektar og þessarar beiðnar

Námsleyfi lækna m. serfr **-4,81 dagar**
 Fargjöld **-31.500 Kr.**
 Ráðstefnugjöld **-131 SDR(-23.548 kr.)**


Ef ýtt er á hnappinn **Nánar**, þá sést staða réttindanna, ásamt því að ef aðrar beiðnir eru í samþykktarferli í kerfinu, þá sjást þær undir liðnum „Námsleyfi lækna m.serfr“ í rauðu letri, merkt sem „Óstaðfest notkun réttinda“.

Einnig sjást beiðnanúmer beiðnanna sem eru í ferli.

Ferðaréttindi lækna				
Endurhlaða				
Réttindagerð	Réttindastaða kr.	Aðrar beiðnir	Þessi beiðni	Staða
Fargjöld	-31.500 kr.	kr.	kr.	-31.500 kr.
Ráðstefnugjöld	-23.548 kr. (-131 SDR)	kr.	kr.	-23.548 kr.
Námsleyfi lækna m. serfr	-4,81		Þessi beiðni	Staða -4,81
Óstaðfest notkun réttinda	Dagpeningar erlendis samtals 9 dagar (FB-6217,FU-5769) Fargjöld erlendis samtals kr. 5.000 (FU-5769) Ráðstefnugjöld skv. kjarasamn. samtals kr. 3.000 (FU-5769)			

Ferð:

Viðfang þeirra deildar sem starfsmaður er skráður á í mannauðskerfinu kemur upp við skráningu, þó er hægt að velja annað viðfang í leitarglugga með því að fara í stækkunarglerið og opnast þá leitargluggi



Þar er hægt að leita eftir viðfangi eða nafni viðfangs. Einnig er hægt að fá upp öll viðföng stofnunar með því að setja inn **%merki** og ýta á hnappinn **Leita**.

Athugið að verið er að skrá inn starfsmann utan stofnunar, þá þarf að velja viðfang, ásamt því að skrá þarf inn bankaupplýsingar og netfang.

Samþykkjandi beiðnar er valin í vallistanum „**Samþykkjandi**“, en þó er mismunandi eftir samþykktarreglum hvort þessi möguleiki er fyrir hendi, þ.e. hvort hægt er að velja samþykkjanda eða hvort það er skráður yfirmaður starfsmanns.

Veljið síðan tilefni ferðar úr vallistanum „**Tilefni**“. (Síðan er hakað við hvort ferð er á áætlun eða ekki, fyrir þær stofnanir sem bjóða upp á þann möguleika.)

Sumar stofnanir bjóða upp á það að hægt er að velja ferða úr ferðaáætlun viðkomandi stofnunar. Farið þá í stækkunarglerið fyrir aftan reitinn „**Ferðaáætlunarliður**“ og hakið þar við ferð.

Dagsetningar ferðar eru svo skráðar inn í reitina **Brottför** og **Koma**, annað hvort með því að slá þær inn í reitinn (dd.mm.yyyy) eða ýta á dagatalshnappinn fyrir aftan reitinn og opnast þá gluggi með dagatali



Þar er dagsetningin valin og ýtt á hnappinn **OK**.

Skráðar dagsetningar skrást svo sjálfkrafa yfir í reitina **Tímab. Hefst** og **Tímab. Endar** (þó er hægt að yfirskrifa þær).

Borg/land er síðan skráð inn í reitinn **Ferðastaður**.

Dagpeningar:

Tegund og gerð dagpeningareglna er svo valin í reitunum „**Teg.dagp.**“ og „**Dagp.regla**“.

Teg.dagp. - Þar er hægt að velja á milli eftirfarandi tegunda:

- Almennir dagpeningar
- Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa
- Ekki dagpeningar (valið þegar ekki á að greiða dagpeninga)
- Reglur fyrir flugmenn/flugliða (einungis fyrir LHG)

Dagp.regla – Þar er hægt að velja á milli eftirfarandi reglna:



- Almenn regla
- Ráðherraregla
- Ráðherraregla opinber heimsókn
- Makaregla
- Flugstjórar (einungis fyrir LHG)


Ferðadagar og Gistinætur koma sjálfkrafa eftir dagsetningum í reitunum **Tímab.hefst** og **Tímab.endar**.

Hægt er að yfirskrifa það ef vill.


Athugið að skylduskráning er í þá **reiti sem eru stjörnumerktir (*)**

Kostnaðarlínur:

Til að bæta inn kostnaðarlínum skal ýta á  merkið, en til að eyða línum skal ýta á  merkið.




Síðan er kostnaðarliður valinn úr flettilista.



The screenshot shows a flight search interface. The 'Kostnaðarlinur' section is highlighted with a red box. It contains a table with columns for 'Áfangastaður', 'Áætl. dagar', 'Áætl. n.', 'Áætl. kostn.', 'Viðfang', 'Vidd 1', 'Vidd 2', and 'Greittslumáti'. The table shows three items: 'Dagpeningar erlendis', 'Fargjöld erlendis', and 'Ráðstefnugjöld skv. kjarasamnn.'. Below the table, there is a 'Skýring' (Explanation) field and an 'Upphæð' (Amount) field.

Til að velja áfangastað er nóg að skrifa byrjunina á landi eða borg og koma þá upp valmöguleikar.



The dropdown menu shows the following options: 'Áfangastaður', 'Bosto', and 'Bandaríkin-Boston'. The 'Bosto' option is currently selected.

En einnig er hægt að fara í stækkunarglerið og opnast þá leitarsíða.

Ef verið er að skrá ferð fyrir lækni þá kemur sjálfkrafa hak í reitinn „Dregst frá ferðaréttindum“, ef ekki á að draga liðinn frá ferðaréttindunum skal taka hakið út úr reitnum.

Athugið þó að þetta á einungis við um Dagpeninga, Fargjöld og Ráðstefnugjöld skv. Kjarasamningum.

* Kostn.teg	Áfangastaður	Áætl.dagar	Áætl.n.	Áætl.kostn.	Viðfang	Vidd 1	Vidd 2	Greittslumáti
Dagpeningar erlendis	Svíþjóð-Gautaborg	4	3	135.090	04109			
<input checked="" type="checkbox"/> Dregst frá ferðaréttindum								
Fargjöld erlendis				58.000	04109			
<input checked="" type="checkbox"/> Dregst frá ferðaréttindum								
Ráðstefnugjöld skv. kjarasamnn.				30.000	04109			
<input checked="" type="checkbox"/> Dregst frá ferðaréttindum								

Hægt er að skrá þáttöku annarra í kostnaði, þetta eru þó einungis skráningarsvæði og ekki tekið tillit til þess í útreikningum.


Þátttaka annarra í kostnaði

Skýring


Upphæð

Einnig er hægt er að skrá inn frekari skýringu ef þörf er á í reitinn „*Innanhúss skýring*“. Þessi skýring fylgir beiðninni, en á ekki að koma fram á skýrslum.

Innanhúss skýring


Ef setja á inn viðhengi eða slóð (url), er ýtt á bréfa klemmuna sem er bæði efst í hægra horninu og við hliðina á hnappnum „*Samþykktarsaga*“ fyrir ofan dálkinn fyrir innanhúss skýringuna Viðhengi 

Til þess að senda beiðni til samþykktar er ýtt á hnappinn **Senda til samþykktar**, en einnig er hægt að vista beiðni, ef vill og klára hana seinna. Hnappurinn **Villuþróa** er fyrir þá sem vilja athuga hvort þeir hafi gleymt að skrá inn í einhver skyldusvæði.



Ef upp koma athugasemdir/aðvaranir vegna einhvers sem þó er í lagi, er hægt að haka í reitinn **Húsa aðvaranir**.

Eftir að ýtt hefur verið á hnappinn „*Senda til samþykktar*“ þá kemur upp þessi mynd:



Hjá læknum kemur upp hnappurinn **Ferðaréttindi lækna**. Ef ýtt er á hann kemur upp nánari skýring á þeim réttindum sem viðkomandi læknir á.

Ferðaréttindi lækna				
Endurhlaða				
Réttindagerð	Réttindastaða kr.	Aðrar beiðnir	Þessi beiðni	Staða
Fargjöld	72.115 kr.	kr.	58.000 kr.	14.115 kr.
Ráðstefnugjöld	32.124 kr. (178 SDR)	kr.	30.000 kr.	2.124 kr.
Námsleyfi lækna m. serfr		12,71	Þessi 4 beiðni	Staða 8,71

Í reitnum „*Þessi beiðni*“ sést notkun réttinda í beiðninni. Í reitnum „*Staða*“ sést staðan eftir að búið er að draga frá þau réttindi sem notuð eru í beiðninni sem og öðrum beiðnum sem eru í ferli.

Eftir að beiðni hefur verið send til samþykktar, fer hún til samþykktar hjá yfirmanni. Hann getur nálgast hana undir tilkynningum (Sjálfsafgreiðsla).